

## 92. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 10. september 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Gísladóttir, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímannsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Karín Rut Bæringsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

#### 1.1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- Skóladagatal GSS 2008 – 2009. Lagt fram og samþykkt.
- Starfsmannamál. Nokkrir einstaklingar hættu störfum í vor, þau sem hættu eru: Hallfreður Lár, Sigrún Lár, Anders Katholm, Justin Shouse, Drifa Árnadóttir og Guðni Heiðar. Auður Rafnsdóttir er í leyfi. Alls eru kennarar og stjórnendur 22 talsins.  
Sú kennsla sem Auður sinnti á síðasta skólaári hefur verið skipt niður á nokkra einstaklinga svo ekki þurfti að auglýsa stöðuna hennar. Fríða Hrund tók við af Anders.
- Skipulag
  - a) Kennsla.
  - b) Almenn störf. Teymisvinna. Kennurum er skipt niður í nokkra mismunandi vinnuhópa og funda þeir reglulega.
  - c) Nemendahópurinn. Nemendafjöldi er um 165 núna. Fækkun frá því í fyrra.
  - d) Starfsdeild GSS. Búið er að efla starfsdeildina töluvert.
  - e) Samstarf Tónlistarskólans og GSS. Samstarfið tókst mjög vel.
  - f) Mötuneyti GSS. Sumarliði Ásgeirsson hefur verið ráðinn til að sjá um mötuneytið og eldar hann upp á dvalarheimili, fyrir skólann og dvalarheimilið. Sameiginlegur matartími allra nemenda við Borgarbraut í 30 mín., ekki tvískiptur matartími. Kl. 12:30 er svo sameiginlegur matartími nemenda við Skólastíg, þau borða á dvalarheimilinu. Kostnaður við möruneytið hefur lækkað frá því í fyrra.
  - g) Húsnæði - 1 ) Skólastíg 2 ) Borgarbraut.  
Húsið að Skólastíg hefur verið lagað að utan og málað.
- Önnur mál.  
Dasskóli Jóns Péturs og Köru, tímar verða á þriðjudögum, frá 9. september til 28. október. Danstímarnir eru fyrir 1.-6. bekk.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður fagnaði því að búið væri að ráða í allar stöður við skólann.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn: hvað verða margir nemendur í starfsdeildinni í vetur. Þeir verða sjö í fullu námi en tíu til ellefu í heildina með þeim nemendum sem verða í hlutanámi.

Fyrirspurn kom fram um það hvort að nemendur sem ekki eru í gæslu við heilsdagsskóla hafi tök á að fara í mataráskrift. Já svo er. Geta fengið sér að borða og farið svo heim.

## 1.2. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- Námsferð starfsmanna leikskólans til Svíþjóðar.
- Sumarlokun var að þessu sinni í fjórar vikur, eða 20 virkir dagar. Þar af leiðandi áttu og eiga margir kennarar við leikskólann mikið frí eftir. Enn er fólk í frí og á á eftir að fara í frí. Það hefur óneitanlega áhrif á starfið í skólanum, þó allt gangi vel.
- Mörg ný börn að byrja, aðlaganir eru enn í gangi og verður ekki lokið fyrr en í október.
- Verið er að vinna í því að geta boðið tólf mánaða börnum leikskóladvöl. Enn þá á eftir að klára að laga í garðinum, leiktækin eru ekki komin, það á eftir að laga skiptivask á yngstu deild og ungubarnastólarnir eru ekki komnir. Því er erfitt að segja nákvæmlega hvenær byrja má að aðlaga inn tólf mánaða börnin.
- Nýtt fólk í vinnu: Líney Benediktsdóttir byrjaði í 100% vinnu 10. ágúst, enn vantar í um 60 % stöðu vegna yngri barna. Þórey Ellertsdóttir hefur sagt upp ræstingarstöðu og hefur verið auglýst í þessar stöður en ekki mikil viðbrögð enn. Kristín Sigurðardóttir hætti 1. júní.
- Vetrarstarfið er að byrja með smávægilegum breytingum, frá fyrra ári. Skólastund byrjaði í gær og nú eru 20 börn í elsta árgangi.
- 63 börn á skrá þegar allir verða komnir inn.
- Enn er fólk að lengja tíma barna sinna, þannig að ekki er búið að reikna út dvalarstundir, en þær eru nokkuð fleiri en í fyrra.
- Starfsdagur verður mánudaginn 29. september, þar verður farið í skyndihjálparupprifjun, farið yfir brunavarnir og svo deildarfundir.
- Skóladagatal er ekki tilbúið, en skólanámskráin er inn á heimasíðu leikskólans. [www.stykk.is/leikskoli](http://www.stykk.is/leikskoli). Farið verður í að klára skóladagatalið á starfsdeginum.
- Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, byrjaði í HÍ í haust í leikskólakennaranámi og Elín G. Pálsdóttir fór í viðbótarnám til B.Ed gráðu.

- Daskóli byrjar í næstu viku fyrir tvo elstu árgangana, alls 37 börn. Fimm skipti í danskenslu og sjötti tíminn verður sýning. Foreldrafélagið er að athuga hvort það taki þátt í kostnaði til þess að öll börnin geti verið með.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn kom fram um hve mörg börn eru í yngsta hópnum (tólf mánaða hópurinn)? Fjórar umsóknir liggja nú þegar inni.

Katrín vék af fundi.

## **2. Önnur mál.**

- Rætt var um skólaráð, er níu manna teymi. Skv. nýjum lögum sem komu í vor. Gunnar kynnti það.
- Bréf frá menntamálaráðuneyti, dags. 3. september 2008 varðandi breytingu við framkvæmd samræmdra könnunarprófa. Lagt fram.
- Ábending kom fram um að gott væri að staðsetja gangstíg á milli grindverks og trjáa við leikskóla og niður í bæ. Mjög gott skjól fyrir umferð, veðri og vindum.
- Fræðslunefnd hefði fundist eðilegt að hafa fengið að fjalla um mál þess efnis að taka tólf mánaða börn inn í leikskólann.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.50.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).